

Fitjið upp (65) 70 (75) 80 (85) L á prjóna nr. 4.

Prj (10) 11,5 (13) 14 (15) cm stroff (3 S, 2 B).

Næsta umf: *3 S, 2 B, 1 S, 2 S saman, 2 B*, endurt frá *-* þar til (5) 0 (5) 0 (5), eru eftir, prj (3 S, 2 B) 0 S (3 S, 2 B) 0 S (3 S, 2 B).

Prj 3 umf þannig: *3 S, 2 B, 2 S, 2 B*, endurt frá *-* þar til (5) 0 (5) 0 (5) L eru eftir, prj (3 S, 2 B) 0 S (3 S, 2 B) 0 S (3 S, 2 B) L.

Næsta umf: *1 S, 2 S saman, 2 B, 2 S, 2 B*, endurt frá *-* þar til (5) 0 (5) 0 (5) L eru eftir, prj (1 S, 2 S saman, 2 B) 0 S (1 S, 2 S saman, 2 B) 0 S (1 S, 2 S saman, 2 B) L.

Prj 3 umf stroff (2 S, 2 B).

Næsta umf: Fellið af (10) 11 (12) 13 (14) L stroff, prj 8 L stroff, fellið af (18) 20 (22) 24 (26) L stroff, prj 8 L stroff, fellið af (8) 9 (10) 11 (12) L stroff.

HNÚTAR

Prj 5 umf S í hring yfir lykkjurnar 8.

Næsta umf: *2 S, aukið út um 1 L, 2 S*, endurt frá *-*.

Prj 12 umf S.

Næsta umf: *2 S, aukið út um 1 L, 1 S, aukið út um

1 L, 2 S*, endurt frá *-*.

Prj 1 umf S.

Næsta umf: *3 S, aukið út um 1 L, 1 S, aukið út um 1 L, 3 S*, endurt frá *-*.

Prj 7 umf S.

Næsta umf: *2 S saman*, endurt frá *-* út umf.

Þræðið garnið í gegnum lykkjurnar og herðið að.

Prj annan eins hinum megin.

EYRNASKJÓL

Notið prjóna nr. 3,5. Hafið (8) 10 (12) 12 (14) L á milli eyrnaskjólanna í miðju að aftan.

Prj upp (15) 17 (17) 19 (19) L frá réttu.

Prj 1 umf B.

Næsta umf: 1 S, 2 S saman, prj S þar til 3 L eru eftir, 1 Ó, 1 S, steypið Ó yfir, 1 S..

Endurt þessar 2 umf þar til 5 L eru á prjóninum.

Næsta umf (réttu): 1 S, 1 Ó, 2 S saman, steypið Ó yfir, 1 S.

Prj nú prjónasnúru úr lykkjunum 3 sem eftir eru (sjá myndbandið *iCord* á klompelompe.no). Prj þar til snúran mælist (18) 20 (20) 22 (22) cm. Þræðið garnið í gegnum lykkjurnar og herðið að.

Gangið frá öllum endum, saumið saman að ofan og bindið hnút á hvora totu á kollinum.

Bangsatrefill

Fljótprjónaður tvöfaldur trefill.

STIG 1

STÆRÐIR (0–3 mán) 6–12 mán (1–3 ára)

GARNTILLAGA KlompeLOMPE Tynn Merinoull,
litur 2650 og Sandnes Garn Alpakka Følgetráð,
litur 2321

GARNÞÖRF: KlompeLOMPE Tynn Merinoull:

50 g allar str, Sandnes Garn Alpakka Følgetráð:

50 g allar str

PRJÓNAR Hringprjón nr. 3,5, 80 cm

PRJÓNFESTA: 22 L á prjóna nr. 3,5 = 10 cm